



Fundagerð 221.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 9. maí 2017 kl. 16.15 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í hafnarhúsinu við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Jóhannes Gunnar Bjarnason formaður, Silja Dögg Baldursdóttir varaformaður, Guðný Sverrisdóttir ritari, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Baldvin Valdemarsson og Axel Grettisson.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 220. fundar frá 22. mars s.l. *Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

2. Breyting á stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs.

Bæjarstjórn hefur á fundi sínum þann 4. apríl 2017 gert eftirfarandi bókun.
„Lögð fram tillaga um breytingu í stjórn Hafnasamlags Norðurlands; Silja Dögg Baldursdóttir tekur sæti aðalmanns í stað Víðis Benediktssonar. Jóhannes Gunnar Bjarnason tekur sæti formanns í stað Víðis Benediktssonar og Silja Dögg Baldursdóttir tekur sæti varaformanns í stað Jóhannesar Gunnars Bjarnasonar.“
Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu.

3. Styrkumsóknir.

- Kynnt erindi frá sóknarnefnd Akureyrarkirkju dags 25. apríl 2017. Í bréfinu er verið að fara fram á stuðning við Akureyrarkirkju vegna komu ferðamanna í kirkjuna. Formanni falið að ræða við formann sóknarnefndar í samræmi við umræður á fundinum.
- Kynnt erindir frá Gunnari Þór Halldórssyni fyrir hönd sjávarútvegsmiðstöðvarinnar við Háskólann á Akureyri þar sem óskað er eftir 500.000 styrk til reksturs Sjávarútvegsskólans 2017 sem er ætlaður 14 ára nemendum. Markmið skólans er að auka áhuga og efla þekkingu um sjávarútveg. Stjórn HN getur ekki orðið við erindinu.

4. Aðalfundur Hafnasamlags Norðurlands fyrir árið 2016

Stjórn HN samþykkir að boða til aðalfundar HN fyrir árið 2016 miðvikudaginn 17. maí n.k. kl. 15.00 í Hafnarhúsinu.

5. Ársreikningur Hafnasambands Íslands.

Lagður fram ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2016. Ekki gerðar athugasemdir við reikninginn.



6. Rammahluti aðalskipulags Akureyrar - Oddeyri

Sviðsstjóri skipulagssviðs hefur með bréfi frá 27. apríl s.l. óskað umsagnar Hafnasamlags Norðurlands bs vegna rammskipulags Oddeyrar. Hafnasamlag Norðurlands bs hefur þegar sent inn athugasemdir vegna rammskipulagsins og vill ítreka þær athugasemdir sem HN hefur þegar sent inn.

7. Heimsókn til Kína.

Hafnarstjóri kynnti tilgang og skipulag vegna heimsónar til Kína sem verður farin í maí 2017

8. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 17:45

Jóhannes Gunnar Bjarnason formaður

Silja Dögg Baldursdóttir varaformaður

Guðný Sverrisdóttir ritari

Axel Grettisson

Kristín Björk Gunnarsdóttir

Baldvin Valdemarsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
